

AUGLÝSING

um deiliskipulag á hluta jarðarinnar Kaldrananess í Kaldrananeshreppi.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkti á fundi sínum þann 28. ágúst 2013 deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar Kaldrananess samkvæmt 25. gr. skipulagslaga. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagið nær til 3,4 ha svæðis og er í samræmi við aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir þremur lóðum undir frístundahús. Deiliskipulagstillagan var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir. Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Deiliskipulagið öðlast nú þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps, 10. október 2013,

Jenný Jensdóttir oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2013